

Umsagnir kennara í Brekkubæjarskóla á Akranesi um millimenningarsmiðju Huldu Karenar, kennsluráðgjafa

Skemmtilegt! Lifandi framsetning.

Námskeiðið kenndi mér að setja mig í spor annarra og hvað kennsluaðferðir geta skipt miklu máli þannig að allir fái að njóta sín.

Frábært námskeið sem hreyfir við manni á mögum sviðum þ.e. kennslufræðilega, menningarlega og í allri framkomu.

Margt sem ég get notað í kennslu.

Vorum í 7 eða 8 tíma en maður fann ekki fyrir því. Fullt af nýjum hugmyndum sem hægt er að nota í kennslu.

Þetta var mjög gott og áhugavert námskeið. Það opnaði nýjar víddir og miðaði manni á sjálfsskoðun. Margar áhugaverðar og skemmtilegar leiðir sem má fara í samvinnunámi. Maður hélt góðri einbeitingu allan tímann.

Námskeiðið var í fyrsta lagi mjög skemmtilegt og dagurinn leið mjög hratt. Margir skemmtilegir leikir og æfingar. Mjög gott að fá að horfa svona inn á við og skoða sjálfan sig, hvað hefur mótað mann og hvaða viðhorf maður hefur.

Námskeiðið var skemmtilegt og fræðandi. Ég sá margar leiðir til að gera kennsluna líflegri og betri. Nemendur „kenna“ er þekkt, en þér tókst að gera það að nýrri og betri leið fyrir mig. Þrátt fyrir langan dag fer ég mjög sátt heim, óþreytt „að mestu,“ takk fyrir mig.

Námskeiðið er/var frábært. ... mér finnst aldrei of oft lögð áhersla á að kennari stjórnar og klisjan í huganum „þetta er ekki hægt“ eða „þetta passar ekki við þennan hóp“ allt of mikil. Ég er ánægð eftir daginn og námskeiðið er það besta sem ég hef farið á.

Námskeiðið opnaði hugarskúffur sem ég vissi ekki að væru til. Það opnaði líka fyrir hugsanir um viðhorf til annarra menningarheima.

Skýr og stutt fyrirmæli, hópaskiptingar og tímatakörk verkefna gerði það að verkum að dagurinn varð skemmtilegur, lifandi og fljótur að líða. Enginn sofnaði og margt situr eftir í kollinum sem við eigum öll eftir að nýta okkur í leik og starfi.

Mér fannst þetta mjög skemmtilegt námskeið og ekki síður áhugavert og gagnlegt. Frábær stjórnandi, lifandi, glaður, gefandi og síðast en ekki síst skipulagður.

Frábært að fá að „taka þátt“ í stað þess að vera bara áheyrandi.

Vel framsett gagnlegt og skemmtilegt. Tíminn hefur flogið áfram og maður hefur verið virkur þátttakandi allan tímann.

Mér fannst námskeiðið áhugavert, opnaði augu mín fyrir fjölbreyttum aðferðum í skólastarfi. Aðferðum sem hjálpa okkur að vinna með nemendum frá ólíkum menningarsvæðum.

Ótrúlegt en satt, ég kveidd því í upphafi dags að sitja heilan dag á „fyrirlestri.“ En, en.... annað kom á daginn! Frábært námskeið þar sem athygli mín var 100% allan tímann. Þetta var mjög áhugavekjandi, skemmtilegt, fræðandi og í alla staði mjög lærdómsríkt. Stjórnandinn var stórkostlegur, vægt til orða tekið. Takk fyrir mig og ég öfunda þá sem eiga eftir að fara í gegnum þetta „programm.“!

Þurfti að fara á klósettið á miðju námskeiði, tímdi ekki að fara fyrir en ég neyddist til. Hljóp þá á salernið og til baka svo ég myndi ekki missa af. Aldrei lent í þessari aðstöðu áður. Oftast farið oft á klósettið en þörf er á . Mjög lifandi og skemmtilegur dagur.